

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 221/2016

2018/EES/56/06

frá 2. desember 2016

## um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/895 frá 8. júní 2016 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1290/2008 að því er varðar nafn leyfishafa fyrir blöndu með *Lactobacillus rhamnosus* (CNCM-I-3698) og *Lactobacillus farciminis* (CNCM-I-3699) <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/896 frá 8. júní 2016 um leyfi fyrir járnnatríumtartrati sem fóðurukefni fyrir allar dýrategundir <sup>(2)</sup>.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/897 frá 8. júní 2016 um leyfi fyrir blöndu með *Bacillus subtilis* (C-3102) (DSM 15544) sem fóðurukefni fyrir varphænur og skrautfiska (leyfishafi er Asahi Calpis Wellness Co. Ltd) og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 1444/2006, (ESB) nr. 333/2010 og (ESB) nr. 184/2011 að því er varðar leyfishafa <sup>(3)</sup>.
- 4) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/898 frá 8. júní 2016 um leyfi fyrir blöndu með *Bacillus licheniformis* (ATCC 53757) og prótínkljúfi hennar (EC 3.4.21.19) sem fóðurukefni fyrir eldiskjúklinga, kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur og aukategundir alifugla til eldis og til varps og fyrir skrautflugla (leyfishafi er Novus Europe SA/NV) <sup>(4)</sup>.
- 5) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/899 frá 8. júní 2016 um leyfi fyrir 6-fýtasa, sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* (ATCC SD-6528), sem fóðurukefni fyrir allar alifuglategundir og allar tegundir svína (aðrar en mjólkurgrísi) (leyfishafi er Danisco (UK) Ltd) <sup>(5)</sup>.
- 6) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/900 frá 8. júní 2016 um leyfi fyrir bensósýru sem fóðurukefni fyrir gyltur (leyfishafi er DSM Nutritional Product Sp. z o. o.) <sup>(6)</sup>.
- 7) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um fóður. Ákvæði löggjafar um fóður skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og tilgreint er í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtenstein.
- 8) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

<sup>(1)</sup> Stjútúð. ESB L 152, 9.6.2016, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjútúð. ESB L 152, 9.6.2016, bls. 3.

<sup>(3)</sup> Stjútúð. ESB L 152, 9.6.2016, bls. 7.

<sup>(4)</sup> Stjútúð. ESB L 152, 9.6.2016, bls. 11.

<sup>(5)</sup> Stjútúð. ESB L 152, 9.6.2016, bls. 15.

<sup>(6)</sup> Stjútúð. ESB L 152, 9.6.2016, bls. 18.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

*1. gr.*

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á II. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 1zzzzd (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1290/2008):

„– **32016 R 0895**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/895 frá 8. júní 2016 (Stjtið. ESB L 152, 9.6.2016, bls. 1).“

2. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 1zzz (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1444/2006):

„– **32016 R 0897**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/897 frá 8. júní 2016 (Stjtið. ESB L 152, 9.6.2016, bls. 7).“

3. Eftirfarandi er bætt við liði 2c (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 333/2010) og 2v (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 184/2011):

„, eins og henni var breytt með:

– **32016 R 0897**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/897 frá 8. júní 2016 (Stjtið. ESB L 152, 9.6.2016, bls. 7).“

4. Eftirfarandi liðum er bætt við á eftir 163. lið (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2016/329):

„164. **32016 R 0896**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/896 frá 8. júní 2016 um leyfi fyrir járnnatríumtartrati sem fóduraukefni fyrir allar dýrategundir (Stjtið. ESB L 152, 9.6.2016, bls. 3).

165. **32016 R 0897**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/897 frá 8. júní 2016 um leyfi fyrir blöndu með *Bacillus subtilis* (C-3102) (DSM 15544) sem fóduraukefni fyrir varphænur og skrautfiska (leyfishafi er Asahi Calpis Wellness Co. Ltd) og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 1444/2006, (ESB) nr. 333/2010 og (ESB) nr. 184/2011 að því er varðar leyfishafa (Stjtið. ESB L 152, 9.6.2016, bls. 7).

166. **32016 R 0898**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/898 frá 8. júní 2016 um leyfi fyrir blöndu með *Bacillus licheniformis* (ATCC 53757) og prótínkljúfi hennar (EC 3.4.21.19) sem fóduraukefni fyrir eldiskjúklinga, kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur og aukategundir alifugla til eldis og til varps og fyrir skrautfugla (leyfishafi er Novus Europe SA/NV) (Stjtið. ESB L 152, 9.6.2016, bls. 11).

167. **32016 R 0899**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/899 frá 8. júní 2016 um leyfi fyrir 6-fýtasa, sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* (ATCC SD-6528), sem fóduraukefni fyrir allar alifuglategundir og allar tegundir svína (aðrar en mjólkurgrísi) (leyfishafi er Danisco (UK) Ltd) (Stjtið. ESB L 152, 9.6.2016, bls. 15).

168. **32016 R 0900**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/900 frá 8. júní 2016 um leyfi fyrir bensósýru sem fóduraukefni fyrir gyltur (leyfishafi er DSM Nutritional Product Sp. z o. o.) (Stjtið. ESB L 152, 9.6.2016, bls. 18).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerða (ESB) 2016/895, (ESB) 2016/896, (ESB) 2016/897, (ESB) 2016/898, (ESB) 2016/899 og (ESB) 2016/900, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 3. desember 2016, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 2. desember 2016.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Bergdís Ellertsdóttir**

formaður.

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.